

yfirdómi, þar með talin málflytningu- og sök-  
anda og verjanda við yfirdóminn, cand. jur.  
Hannesar Thorsteinson, og yfirjettarmálaflut-  
ningsmanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors  
þeirra. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna  
frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-  
aðför.

Mánudaginn 15. marzmán.

Nr. 4/1897:

Rjettvísín

gegn

Guðjóni Arnbjarnarsyni.

D ó m u r :

Hinn ákærði Guðjón Arnbjarnarson, sem kom-  
inn er yfir lögaldur sakamanna og hefur eigi áð-  
ur verið dæmdur eða sætt refsingu fyrir nokkurn  
glæp, er í máli þessu sakadur fyrir að hafa ó-  
hlýðnæzt lögætri skipun sveitarstjórnar og fyrir  
að hafa borið upp fyrir amtmanninum í suduramt-  
inu bersýnilega ranga kæru yfir hreppsnefndinni í  
Landmannahreppi, og var hann fyrir afbrot þessi  
dæmdur af aukarjetti Rangárvallasýslu hinn 17.  
sept. f. á. til að sæta 3×5 daga fangelsi við vatn  
og braud með skýrskotun til laga nr. 20, 4. nóv.  
1887, 6. gr., sbr. 5. gr., og almennra hegningar-  
laga 25. júní 1869, 228. gr., og auk þess var hon-  
um með dóminum gjört að greiða allan löglegan  
kostnað sakarinnar; en þessum dómi hefur hlutað-

eigandi amtmaður skotið til yfirdómsins af hálfu rjettvísinnar.

Í fyrra vetur vistadi hreppsnefndin í Landmannahreppi í Rangárvallasýslu hinn ákærða, sem þá hafði þegið mikinn styrk af fátækrafje, að Árbæ í Holtum til Magnúsar sýslumanns Torfasonar samkvæmt heimild þeirri, er hún hafði til þessa í 5. gr. laga nr. 20, 4. nóv. 1887, og fór ákærði tregðulaust í vistina eptir tilvísan hreppsnefndarinnar hinn 22. maí f. á. Á hvítasunnudagsmorgun 24. maí næst á eptir fór ákærði án þess að biðja um leyfi frá Árbæ upp að Flagbjarnarholti og þaðan daginn eptir, annan í hvítasunnu, að Hvammi, þar sem hreppsnefndaroddivitinn í Landmannahreppi átti heima, og virðist hann ekki hafa farið aptur heim að Árbæ, enda var hann settur í varðhald þegar 26. maímán. f. á Eptir rjettarprófunum er óhlýðni ákærða við úrskurð hreppsnefndarinnar eingöngu fólgin í þessu athæfi hans, en ákærði sjálfur hefur eigi gefið neina yfirlýsingu um það fyrir rjettinum, að hann hafi ætlað að fara úr vistinni fyrir fullt og allt. Þegar þetta er athugað, og jafnframt hitt, að ákærði fór frá Árbæ á helgum degi, og var handsamaður þegar daginn eptir, án þess að sjed verði, að hreppsnefnd eða hreppstjóri eða sýslumaður eða nokkur annar hafi skorað á hann að fara heim til sín aptur, verður eigi álitid nægilega sannað, að hann hafi óhlýðnast skipun sveitarstjórnarinnar á þann hátt, sem lög nr. 20, 4. nóv. 1887, 6 gr., gjöra ráð fyrir, og verður því að sýkna hann fyr-

ir ákæru sóknarans, að því er þetta kæratriði snertir.

Hitt kæratriðið í máli þessu er það, að ákærði ritadi amtmanninum yfir suduramtinu brjef 17. apríl f. á., þar sem hann kvartar yfir aðförum hreppsnefndarinnar í Landmannahreppi við sig, og telur undirdómarinn þetta brjef bersýnilega ranga kæru, saknæma eptir 228. gr. hegningarlaganna. Í brjefinu segir ákærði, að hann »þykist hafa orðið fyrir mjög ranglátri og ómannúðlegri meðferð af hendi hreppsnefndarinnar í Landmannahreppi«, og að sjer virðist hún hafa misbrúkað vald sitt gegn honum á ýmsan hátt, að hann fyrir því nú snúi sjer til amtsins og skýri frá viðskiptum nefndarinnar og hans. Ákærði getur þess svo, að þegar hann í bágingum sínum hafi snúið sjer til nefndarinnar til þess að fá aðstoð heunar til að geta haldið áfram búskap, hafi nefndin í stadinn fyrir að styrkja hann til þessa, tekið upp heimili hans, sett börnin og konuna niður og sagt ábúðarjörð hans lausri; hafi nefndin gjört þetta án þess að leita samþykkis hans; svo hafi hún látið selja því nær allt bú hans, án þess hann hafi fengið að vita, hvernig það seldist. Þá hafi nefndin vísað honum sjálfum í vist, eptir að hún hafði skilið hann frá konu og börnum, og hún hafi neitað sjer um leyfi til að byggja hús. mennskukofa, sem landeigandi hafi verið búinn að gefa honum leyfi til að byggja, og að oddvitinn jafnvel hafi sagt, að hann mundi rífa kofann niður aptur. Nefndin hafi, eins og sagt er,

tekið sjer það vald að ráða hann í vist, þótt hann áður hafi verið búinn að vista sig hjá öðrum, og hafi sýslumaður tilkynnt sjer þetta, og getið þess um leið, að sektir lægju við, ef út af væri brugðið; kona hans, sem var veik af brjálsemi, hafi hvað eptir annað verið flutt burtu frá honum og það í böndum. Eptir að ákærði hefur í brjefinu skýrt amtmanni á þessa leið frá viðskiptum sínum og hreppsnefndarinnar, biður hann amtið að styðja að því, að hann megi fara í vist þá, sem hann sjálfur hafði ráðið sig í, að hann megi vinna þar fyrir sjer og konu sinni, að hann megi byggja kofa þann, sem áður er um getið, og flytja í hann með konu sinni, þegar hann væri búinn. — Þegar kærubrjef þetta er athugað, þá sjest það að vísu af skýrslu ákærða, er hann hefur gefið fyrir rjetti í málinu, um þau hin sömu atvik, sem í kærubrjefinu eru nefnd, að í brjefinu er skýrt ranglega frá aðferð hreppsnefndarinnar við kærða í mörgum verulegum atriðum. En hins vegar vantar gjörsamlega í málinu sannanir þær, er byggður yrði á áfellisdómur yfir ákærða samkvæmt 22ó. gr. hegningarlaganna, því að það er ekkert í málinu, er sýni eða bendi á það, að ákærði hafi af ásettu ráði eða vísvitandi gefið amtinu ranga skýrslu um greind atvik, og það er jafnvel eigi fullkomlega vist — þar sem ákærði hefur eigi gefið viðurkenningu um það, eða það verið sannad á annan hátt — að ákærði sje höfundur að greindu kærubrjefi, er amtinu var sent. Yfirdómurinn getur því eigi álitid að ákærði verði dæmd-

ur sekur í athæfi, saknæmu eptir hegningarlaganna 228. gr., og verður því að sýkna hann einnig fyrir þessu kæru atríði málsins. Eptir þessum úrslitum málsins verður að greiða allan sakarkostnað bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi af almannafje, þar með talin málflytningu- og sökja- og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Við rekstur málsins í hjeradi er það athugavert, að í aukarjettarhaldinu 26. maímán f. á. hefur ákærði verið settur í gæzluvarðhald, án þess sjöð verði, að hann hafi síðar verið leystur úr því aptur. Að öðru leyti hefur málsmedferðin fyrir undirrjettinum verið víta- laus og málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Guðjón Arnbjarnarson á að vera sýkn af ákæru sóknara í máli þessu. Allur málskostnaður bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi greiðist af almannafje, þar með talin málflytningu- og sökja- og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og málsfærslumanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors.